

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Bactroban 2% smyrslí múpírócín

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Bactroban og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Bactroban
3. Hvernig nota á Bactroban
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Bactroban
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Bactroban og við hverju það er notað**

Bactroban er bakteríudrepandi sýklalyf.

Bactroban smyrslí er notað til meðhöndlunar á þurrum og vessandi húðsýkingum af völdum ákveðinna baktería.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Bactroban**

**Ekki má nota Bactroban**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir múpírócín eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Gætið þess að fá Bactroban ekki í augun. Ef Bactroban berst óvart í augu skal skola þau vandlega með vatni.

Láttu lækninn vita ef þú ert með skerta nýrnastarfsemi.

Bactroban skal ekki nota:

- gegn sýkingu í auga
- í nef
- við stungustaði fyrir holnálar eða æðaleggi

Ef þú færð ofnæmisviðbrögð eða mikinn kláða þar sem smyrslíð er borið á skal hreinsa smyrslíð af húðinni og hætta notkun þess. Ráðfærðu þig við lækninn varðandi hvaða meðferð skuli nota í staðinn.

Ef þú færð magakrampa eða viðvarandi niðurgang skaltu ráðfæra þig við lækinn. Læknirinn mun rannsaka hvort upp sé komin sýking í þörmum.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Bactroban**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Meðganga**

Bactroban skal einungis notað á meðgöngu samkvæmt ráðleggingum læknis.

### **Brjóstgjöf**

Takmörkuð reynsla er af notkun Bactroban samhliða brjóstgjöf. Ráðfærðu þig við lækinn. Ef meðhöndla þarf geirvörtu með Bactroban skal hún þvegin vandlega fyrir brjóstgjöf.

### **Akstur og notkun véla**

Bactroban hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **3. Hvernig nota á Bactroban**

Notið Bactroban alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ekki blanda Bactroban saman við önnur krem eða smyrslu á húðsvæðinu sem verið er að meðhöndla þar sem það gæti dregið úr verkun Bactroban.

### **Venjulegur skammtur er:**

#### **Fullorðnir, börn og aldraðir:**

Bactroban smyrslu er borið á tvö til þrjú skipti á dag í allt að tíu daga.

### **Skert nýrnastarfsemi:**

Fylgið fyrirmælum læknis.

Bera skal lítið magn af smyrslu á sýkta húðsvæðið. Setja má sáraumbúðir yfir svæðið sem er meðhöndlað nema læknirinn hafi sagt að ekki megi hylja það. Þvoið hendur áður og eftir að lyfið er borið á nema verið sé að meðhöndla hendurnar.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Umfram smyrslu skal fjarlægð varlega. Ofskömmun með þessu lyfi veldur sjaldan vandamálum. Ef þú kyngir smyrslinu í ógáti skaltu leita ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða eitrunarmiðstöð.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

### **Ef gleymist að nota Bactroban**

Ef þú gleymir að bera Bactroban smyrslu á, skaltu gera það um leið og þú manst eftir því.

Ef innan við klukkustund er að næsta skammti, skal sleppa skammtinum sem gleymdist. Aldrei á að nota tvöfalt magn til að bæta upp skammt sem gleymst hefur. Haltu bara áfram að nota sama skammt.

#### **Ef hætt er að nota Bactroban**

Mikilvægt er að ljúka meðferðinni með Bactroban. Ef notkun Bactroban er hætt of snemma er ekki víst að allar bakteríurnar séu dauðar og þær gætu haldið áfram að vaxa. Spyrjið lækinn eða lyfjafræðing hvenær hætta megi notkun Bactroban.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

#### **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

##### **Alvarleg ofnæmisviðbrögð**

Þessar aukaverkanir koma örsjaldan fyrir hjá þeim sem nota Bactroban.

Einkenni sem þú skalt fylgjast með

- Skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar og yfirið (innan mínútna til klukkustunda), vegna ofnæmis (bráðaofnæmisviðbrögð). Getur verið lífshættulegt. Hringdu í 112.
- Útbrot (ofsakláði) og þroti. Getur verið alvarlegt. Ráðfærðu þig við lækinn. Ef þroti er í andliti, vörum eða tungu getur það verið lífshættulegt. Hringdu í 112.
- Kláði, roði og sviði í húð.

**Hafðu strax samband við lækinn eða slysadeild ef þú finnur fyrir einhverjum þessara einkenna. Hringdu jafnvel í 112. Hættu að nota Bactroban.**

Bactroban getur valdið **ertingu í húð** og **ofnæmisviðbrögðum**.

Ef þú færð ofnæmisviðbrögð í húðinni, skaltu **hætta að nota Bactroban. Fjarlægðu smyrslíð og hafðu samband við lækinn eins fljótt og hægt er.**

Lyf eins og Bactroban geta í mjög sjaldgæfum tilvikum valdið bólgu í ristli, sem veldur niðurgangi, oft með blóði og slími, magaverkjum og hita.

Hafðu strax samband við lækinn ef þú færð einhver þessara einkenna.

**Algengar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Brunatilfinning á meðferðarsvæðinu.

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- Kláði, roði í húð, sviði og þurrkur á meðferðarsvæðinu.

**Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):

- Ofnæmisviðbrögð.

##### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Bactroban

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### **Bactroban 2% smyrslí inniheldur**

Virkt innihaldsefni: Múpírócín.

Önnur innihaldsefni: Makrógól 3350 og makrógól 400.

### **Lýsing á útliti Bactroban og pakkingastærðir**

Útlit:

Bactroban smyrslí er hvítleitt smyrslí.

Pakkingastærð:

Túpan inniheldur 15 g.

### **Markaðsleyfishafi**

GlaxoSmithKline Pharma A/S

Delta Park 37,

2665 Vallensbæk Strand

Danmörk

### **Framleiðandi**

Delpharm Poznań S. A.

ul. Grunwaldzka 189

60-322 Poznań

Pólland

GlaxoSmithKline Trading Services Limited

12 Riverwalk

Citywest Business Campus

Dublin 24

Írlandi

### **Umboð á Íslandi**

Vistor hf., sími: 535-7000

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2022.**